

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 52. stjórnarfundur.

Árið 2004, 31. ágúst var haldinn fundur í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands í Hermes Reyðarfirði.
Hófst fundurinn kl 17:00

Mætt voru: Jósef Friðriksson formaður stjórnar, Maríanna Jóhannsdóttir, Ágústa Björnsdóttir,
Gunnlaugur Sverrisson, Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður og Sverrir Gestsson.

Dagskrá:

1. **Starfsmannamál.**
2. **Reikningar 2003.**
3. **Önnur mál.**

Jósef setti fundinn og stýrði honum.

1. Starfsmannamál.

Sigurbjörn gerði grein fyrir mannaáðningum. Hugrún Sigurjónsdóttir hefur verið ráðin í starf sálfræðings frá og með 1.september. Kristín Guðmundsdóttir hefur verið ráðin í starf ráðgjafa, hóf störf 1.ágúst sl..

2. Reikningar ársins 2003.

Bréf dags.15. júlí 2004 frá KPMG kynnt, varðar ársreikninginn og endurskoðun hans. Er m.a. um bókhald og innra eftirlit samlagsins. Helstu niðurstöður ársreiknings SKA fyrir árið 2003 eru: Rekstrartekjur 40.854.671,- Rekstrargjöld 39.840.206,-. Rekstrarafgangur er 1.383.550,- Reikningurinn ræddur, borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða og undirritaður.

3. Önnur mál

- a. Keypt var ný fartölva til stofnunarinnar (innan fjárhagsáætlunar).
- b. Undirbúningur aðalfundar. Aðalfundur SKA verður haldinn föstudaginn 15. október kl 15.00 á Reyðarfirði.
- c. Drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2005 kynnt. Þar er ekki gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaganna hækki frá fyrra ári.
- d. Hús SKA "Hermes" er nú að fullu greitt Ríkissjóði Íslands.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl 18.50

Maríanna Jóhannsdóttir (sign)

Jósef Friðriksson (sign)

Ágústa Björnsdóttir (sign)

Gunnlaugur Sverrisson (sign)

Sverrir Gestsson (sign)

Sigurbjörn Marinósson (sign)